

L Ö G

um breyting á lögum nr. 67 10. maí 1966, um vélstjóranám.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Námskeið, er veiti þá fræðslu, sem þarf til að ljúka 1. stigi vélstjóranáms, skal skólastjóri Vélskóla Íslands láta halda árlega á þessum stöðum: Reykjavík, Ólafsvík, Ísafirði, Akureyri, Höfn í Hornafirði og Vestmannaeyjum.

Kennslutími skal vera minnst fimm mánuðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 16. apríl 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús T. Ólafsson.

16. apríl 1973.

Nr. 22.

L Ö G

um breyting á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64 1965.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 27. gr. laganna, á undan V. kafla, komi ný grein, þannig:

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins starfrækir rannsóknastofur utan Reykjavíkur samkvæmt ákvörðun ráðherra og að fengnum tillögum aðila fiskiðnaðarins. Leita skal samstarfs við fiskiðnað, aðra matvælaframleiðendur og sveitarfélög á viðkomandi svæði. Skulu þessir aðilar leggja fram helming stofnkostnaðar. Sömuleiðis skal athugað að nýta aðstöðu og samstarf við menntastofnanir á staðnum.

Rannsóknastofur þessar skulu veita fiskiðnaði og öðrum matvælaiðnaði á viðkomandi svæði þjónustu með rannsóknum, gæðaeftirliti og leiðbeiningum gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 16. apríl 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús T. Ólafsson.